

Sæl,

Kærar þakkir fyrir góðan fund síðasta laugardag.

Ég vil árétta nokkur atriði vegna þeirrar umræðu sem skapaðist á fundinum.

Í fyrsta lagi hefur það alla tíð verið 100% af okkar hálfu að baðstaðurinn að Reykholti verður opinn almenningi. Ef umsókn Rauðakambs verður samþykkt, þá tel ég að slíkt eigi að heima inni samningi á milli aðila, þar sem kveðið er skýrt á um það atriði.

(Þessu tengt vil ég árétta að grunnhugsunin í okkar nálgun er að þarna verði byggður upp baðstaður sem einblínir á upplifun hvers og eins gests, fremur en magn gesta. Lúxusinn felst í gæðum upplifunar. Við munum því gæta vel að magni baðstaðsgesta og ef eftirspurnin er mikil, munum við taka upp álagsstjórnunarkerfi – sem jafnar álagið yfir daginn og setur hámark á fjölda gesta. Það mun hins vegar ekki koma í veg fyrir að almenningur hafi aðgang. Hann þarf einungis að sýna fyrirhyggju, rétt eins og þegar leikhúsheimsókn er um að ræða.)

Í öðru lagi erum við hjá Rauðakamb mjög um að heimamenn hafi sérstaklega góðan aðgang að baðsvæðinu við Reykholt. Það myndum við geta gert með því að útbúa afsláttarkjör fyrir heimamenn, en slíkt ákvæði væri sjálfsagt að setja inni áður nefndan samning. Þar væri hægt að horfa til Grindavíkur til að skoða dæmi um hvernig slíkt er útfært.

Í þriðja lagi vil ég árétta að Rauðikambur mun vilja byggja upp net samstarfsaðila í hreppnum. Bæði hvað snertir aðföng og þjónustu vegna reksturs og svo ekki síður er kemur að ferðaþjónustuþættinum. Má þar nefna hestaferðir, gönguferðir, uppákomur í Þjóðveldisbæ og svo framvegis.

Í fjórða lagi voru nokkrar umræður voru um viðskipta – eða fjárhagsáætlunina á fundinum og þá væntanlega til að kanna raunhæfni áætlunargerðar og getu Rauðakambs til að ljúka verkefninu. Til að svara því beint þá tel ég sjálfsagt að hálfu sveitarfélagsins að setja inn kvaðir - sem geta mætt þessum áhyggjum – til dæmis að framkvæmdum verði lokið fyrir ákveðin tíma, einhverjar tryggingar séu til staðar o.s.v.fr. Atriði sem taki á styrk Rauðakambs (og ættu því að taka á þeim áhyggjum).

Við þekkjum það öll að í svona flóknu verkefni geta fjölmörg atriði komið upp og næstum ómögulegt að gera ráð fyrir öllum þeim þáttum sem geta breyst, bæði á tekju- og gjaldahlið. Um er að ræða verkefni uppá rúmlegan milljarð króna og óvissan mikil er kemur að t.d. framkvæmdum við Reykholt, rekstri einstakra eininga, virðisaukaskatti og stöðu ferðaþjónustunnar að þremur árum liðnum. Þannig má segja að núverandi viðskiptaáætlun sé vinnuþagg í stöðugri þróun. Til dæmis eigum við eftir að kalla verkfræðistofu til að greina hana betur núna á haustmánuðum. Þá erum við að vinna með upplýsingar sem koma frá fyrirtækjum í samkeppnisrekstri og eru bundnar miklum trúnaði.

Ég vil hins vegar gjarnan koma til móts við málefnaleg sjónarmið. Til dæmis væri hægt að hafa sem fylgiskjal við samninginn lykiltölur úr þeirri viðskiptaáætlun sem verður til staðar á þeim tímapunkti (og binda þær upplýsingar trúnaði).

Að því að það var sérstaklega spurt að því, þá get ég greint frá því að við reiknum með því að kostnaður við framkvæmdir sé á bilinu 1-1,5 milljarður króna, að starfsmenn verði um 50 talsins (og þá er ekki reiknað með verktökum eða starfsmönnum í ferðaþjónustu) og að fyrsta heila starfsárið gerum við ráð fyrir um 50 þúsund gestum í baðstaðinn.

Með kærri kveðju,

Fyrir hönd Rauðakambs,

Magnús Orri Schram

